

LISTIR

Boðið starf leikhússtjóra í Borås

KJARTANI Ragnarsyni leikstjóra og leikskáldi hefur verið boðin staða leikhússtjóra við borgarleikhúsið í Borås í Svíþjóð. Kjartan sagði í samtali við Morgunblaðið að samningar um ráðningarkjör stæðu yfir en kvaðst búast við að niðurstaða lægi fyrir fljótlega.

Ráðningin er til fjögurra ára og tekur Kjartan formlega við starfinu 1. júlí næstkomandi ef af verður. Fráfarandi leikhússtjóri er Jarl Lindahl.

Borgarleikhúsið í Borås er að sögn Kjartans svipað að stærð og umfangi og Borgarleikhúsið í Reykjavík. „Parna eru þrjú leiksvið, hið stærsta með 550 manna sal og minni salur með innan við 200 sæti og síðan er leikið í gömlu kvikmyndahúsi annars staðar í bænum. Fastráðnir leikarar eru 14 en alls eru á launaskrá leikhússins um 100 starfsmenn og leikarahópurinn á hverju starfsári er í kringum 40,“ segir Kjartan.

Fjarveiting til leikhússins er



Kjartan Ragnarsson.

svipuð og til Þjóðleikhússins íslenska eða um 360 milljónir íslenskra króna.

Borås er um 150 þúsund manna borg í Vestur-Svíþjóð og tilheyrir sama þéttbýlissvæði og Gautaborg en á því svæði búa um 1,5 milljónir manna. Leikhúslif í Gautaborg og Borås er í miklum blóma enda er þetta annar stærsti þéttbýliskjarni Svíþjóðar.

Kjartan er vel kunnugur sænsku leikhúslífi en hann hefur starfað talsvert í Svíþjóð á undanföllum árum og leikstýrt sýningum við m.a. borgarleikhúsin í Gautaborg og Málmey.

Kjartan leikstýrði Antígónu, jólasýningu Þjóðleikhússins sem frumsýnd var á annan jóladag en hann hefur samið um að leikstýra tveimur sýningum við íslensk leikhús síðar í vetur. „Þegar ég hef lokið þeim verkefnum er mér ekkert að vanbúnaði að hefja störf í Borås ef um semst við stjórn leikhússins.“

Þriðji píanókoncert Rakhmanínovs á Sinfóníutónleikum



Denis Matsoujev píanóleikari frá Rússlandi.

Morgunblaðið/Ásdís

Ber merki hinnar rómantísku rússnesku hefðar

RÚSSNESKI píanóleikarinn Denis Matsoujev kemur fram á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói í kvöld kl. 19:30. Þetta eru fyrstu áskriftartónleikar á nýju ári og í gulri röð. Aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníunnar, Rico Saccani, mun leiða hljómsveitina.

Ekki veitir víst af tilburðum fimleikamannsins til að kljást við hinn margflokna 3. píanókoncert Sergejs Rakhmanínovs en af þeim mun hinn 24 ára Denis Matsoujev vera ríkullega búinn auk hæfileika við slaghörpuna.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Matsoujev þegar ferðast víða um heim og leikið með stórum og þekktum hljómsveitum á borð við Rúmensku sinfóníuhljómsveitina, Sinfóníuhljómsveit Tókýóborgar og Fílharmoníusveit Moskva.

Nú, 20 árum eftir að hann settist fyrst við píanóið fá tónleikagestir Sinfóníuhljómsveitar Íslands að heyra meðhöndlun hans á meistara-verki Rakhmanínovs, píanókoncert nr. 3, sem lengi þótti standa í skugga 2. píanókoncerts hans. Heimsathygli bíómýndarinnar Shine breytti því.

Par er fjallað um brösotta ævi Ástralans Davids Helfgotts og m.a. dramatíska baráttu hans við Rach 3, eins og konsertinn er nefndur í myndinni.

Þriðja píanókoncertinn samdi Rakhmanínov þegar frægðarsól hans skein sem skærast á fyrsta tug síðustu aldar. Hann var um þær mundir á leið til fundar við frægðina í Ameríku og mun ekki hafa treyst snúnum einleikshluta konsertsins meira en svo að hann hafði meðferðis strengjalaust hljómborð í siglingunni vestur um haf til að æfa sig. En Rakhmanínov gerði stormandi lukku í Bandaríkjunum, enda sagði hann alltaf sjálfur að konsertinn hafi verið saminn fyrir Ameríku.

Verkið ber merki hinnar rómantísku rússnesku hefðar. Það er stórt í sniðum og breidd hljómsveitarinnar nýtt til hins ýtrasta þrátt fyrir að frægðarljómi þess stafi af einleikshlutunum.

1. sinfónía Tsjajkovskíjs

Finna má áhrif Tsjajkovskíjs í verki Rakhmanínovs enda fór sá síðarnefndi ekki dult með aðdáunina á

landa sínum en 1. sinfónía Tsjajkovskíjs er síðara verkið á tónleikunum í kvöld.

1866 flutti Tsjajkovskíj til Moskva til að taka við prófessorsstöðu við nýstofnaðan tónlistarháskóla borgarinnar. Var það fyrir áeggjan rektorsins, Nikolai Rubinstein, sem hann þáði stöðuna en sami maður hvatti hann einnig til að semja viðamikil verk eftir að hafa stjórnað flutningi á hljómsveitarforleik frá námsárum Tsjajkovskíjs sem góður rómur var gerður að. Samsetning þess verks, 1. sinfóníunnar, reyndist Tsjajkovskíj hin mesta pína og kvöl. Ástæðan var álagið sem fylgdi næturvinnunni og ekki bætti úr skák hraksmánarlegir dómur sem flutningur á útskriftarverki hans, Kantótu við Óðinn til gleðinnar eftir Schiller, fékk um þær mundir.

Örmagna á geði og líkama tókst tónskáldinu samt sem áður að ljúka við verkið og þrátt fyrir góða dóma strax við fyrsta flutning á tveimur þáttum úr sinfóníunni var Tsjajkovskíj aldrei fyllilega sáttur við verkið en afsakaði það sem eina af syndum sinnar ljúfu æsku.

Ikingút til Berlínar

ÍSLENSKA kvikmyndin Ikingút eftir Gísla Snær Erlingsson hefur verið valin til þátttöku á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín 7.–18. febrúar næstkomandi.

Ikingút var valin úr hópi yfir 200 kvikmynda hvaðanæva úr heiminum.

Kvikmyndahátíðin í Berlín er í flokki virtustu „A“-hátíða ársins og skipar sér í flokk með kvikmyndahátíðunum í Cannes og Fenejyum.

Myndin keppir í flokki barnamynda, Kinderfilmfest, og er það eina keppnin á því sviði sem er hluti af „A“-hátíð.



Gísli Snær Erlingsson

Tvær dómnefndir starfa á hátíðinni; barnadómnefnd, skipuð ellefu stúlkum og drengjum á aldrinum ellefu til fjórtán ára, veitir uppáhaldsmyndinni sinni „Kristalbjörninn“ og alþjóðleg dómnefnd fagfólks veitir verðlaun fyrir bestu kvikmynd og bestu stuttmynd.

Dagskráin kynnt í lok mánaðarins

Almennar upplýsingar um Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í

Berlín er að finna á vefsíðu hennar: berlinale.de, en endanleg dagskrá hátíðarinnar 2001 verður gerð opinber 30. janúar næstkomandi.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Að flytja fjöll

TRÚIN flytur fjöll, segir máltækið, en það á líka við um listamanninn Pál Guðmundsson frá Húsafelli sem hefur flutt með sér hluta úr bæjargilinu við Húsafell vegna sýningar sem verðið er að setja upp í Listasafni Reykjavíkur – Ásmundarsafni.

Sýningin, sem verður opnuð laugardaginn 20. janúar, ber yfirskriftina „Fjöll rímar við tröll“ þar sem verkum Páls mun verða stillt upp með verkum Ásmundar Sveinsonar, en báðir hafa þeir sótt efnivið og hugmyndir sínar

í hina hrikalegu fegurð sem fjöllin ein búa yfir.

Páll er löngu orðinn þjóðkunnur fyrir höggmyndirnar sem hann hefur unnið beint í náttúruna í sínu næsta nágrenni, þangað sem hann sækir efni sitt, íslenskt grjótt í öllum regnbogans litum.

Hér sést hvar verðið er að flytja höggmynd Páls „Sörli“ er heygður Húsafells í túni“, inn í Ásmundarsafn en verkið vegur hátt á sjöunda tonn. Í bergið hefur Páll hoggjið mannsandlit og hesthaus.



Morgunblaðið/Kristinn

Frá fyrsta samlestri í Iðno.

Æfingar hafnar á Sniglaveislunni

HAFNAR eru æfingar á leikritinu Sniglaveislan eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og verður leikritið frumsýnt í Samkomuhúsinu á Akureyri í febrúarmánuði. Í mars færirst sýningin til Reykjavíkur og verður sýnd í Iðno fram eftir vori.

Aðalhlutverk leikur Gunnar Eyjólfsson en Sigurður Sigurjónsson leikstýrir. Leikgerðin er unnin af Ólafi Jóhanni, höfundri samnefndrar bókar, ásamt Sigurði Hróarssyni. Leikmynd og búninga hannaði Elin Edda Árnadóttir. Tónlistarhöfundur er Hilmar Örn Hilmarsson og lýs-

ingu hennar Halldór Örn Óskarsson. Aðrir leikarar eru Sigurþór Albert Heimisson, Sunna Borg og Hrefna Hallgrímsdóttir.

Í leikritinu segir af Gíls Thordarsen stórkaupmanni sem hefur þann árlega sið að halda stórveislu fyrir sjálfan sig og sparar hvernig veislu-föng. Að þessu sinni ber óvæntan gest að garði, Gíls býður honum að þátttöku, grunlaus um erindið.

Þegar liður á kvöldið magnast spennan. Sniglaveislan er samstarfsverkefni Leikfélags Akureyrar og Leikfélags Íslands.